

atriðum athuguðum þykir mega taka þennan kröfulið til greina með fullri fjárhæð.

Tjón stefnanda hefur því samtals numið kr. 121.727, og samkvæmt framangreindri sakarskiptingu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 81.152 með vöxtum, sem ákvarðast 9% frá 7. desember 1973 til 15. júlí 1974 og 13% frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jónatan S. Tryggvason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Anton Sigurðssyni, kr. 81.152 með 9% ársvöxtum frá 7. desember 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1978.

Nr. 237/1977. Valdstjórnin

gegn

Styrmi Gunnarssyni.

Kærumál. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Með kæru 23. desember 1977, sem barst Hæstarétti sama dag, hefur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 22. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að Styrmi Gunnarssyni, ritstjóra Morgunblaðsins, „verði lýst rétt og skylt að lögum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins

lið í þágu rannsóknar þeirrar, sem um ræðir í máli þessu, með skýrslugjöf fyrir rannsóknarlögreglu og dómi og á annan hátt til upplýsinga um auglýsandann og ætlað brot hans á lögum nr. 58/1960.“

Hæstarétti hefur eigi borist greinargerð frá varnaraðilja.

Í hinum kærða úrskurði er því lýst, að af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins hafi þess verið krafist hinn 21. nóvember 1977, að varnaraðili yrði skyldaður til að bera vitni um það, hver sett hafi tiltekna auglýsingu, sem lýtur að ávöxtun fjár, í 240. töl. Morgunblaðsins, er út kom 9. nóvember 1977. Urðu málalok þau í úrskurðinum, að varnaraðilja væri óskylt að bera vitni um það atriði. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur kært þennan úrskurð með vísan til 2. og 6. töl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Í 172. gr. laga nr. 74/1974 segir, að „aðili“ geti kært til Hæstaréttar úrskurði héraðsdómara um þau efni, er þar greinir. Þetta ákvæði ber að túlka svo, að af hálfu almenningsvalds sé kæruehimild í höndum ríkissaksóknara, nema lög segi annað. Í lögum nr. 107/1976 um breyting á lögum um meðferð opinberra mála er eigi vikið að því, að rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hafi kæruehimild. Í 11. gr. þeirra laga, sem breyta 73. gr. laga nr. 74/1974, segir, að ríkissaksóknari geti skotið til Hæstaréttar þeim úrskurðum dómara, er greinir í ákvæði þessu, þótt rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hafi óskað eftir aðgerðum dómara. Með hliðsjón af þessu ákvæði og þeirri stefnu, sem í því felst, verður að telja, að kæruehimild út af úrskurði þeim, sem hér er kærður, sé hjá ríkissaksóknara, en eigi hjá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 22. desember, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómar.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur hinn 21. f. m. krafist þess, að Styrmir Gunnarsson, annar af tveimur ritstjórum Morgunblaðsins, verði kvaddur fyrir dóm til þess að bera vitni um það, hver sett hafi í Morgunblaðið, 240. tbl., er út kom 9. nóv. sl., svohljóðandi auglýsingu: „50% ávöxtun sparifjárs! (sic). Vilt þú auka sparifé þitt um helming á einu ári á algjörlega löglegan hátt? Stærri og minni upphæðir í lengri og styttri tíma. Hafir þú áhuga, sendu þá nafn og símanúmer til Mbl. merkt „X-4226“.“ Skorist vitnið undan vitnisburði, er þess krafist, að úrskurðað verði um skyldu hans til vitnisburðarins.

Styrmir hefur komið fyrir dóm og lýst yfir því, að hann telji, að lögum samkvæmt eigi hann ekki að bera vitni um slík atriði, sem hér er um að ræða. Af hálfu hans hefur lögmaður hans, Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður, lagt fram greinargerð, áður en málefni þetta var tekið til úrskurðar.

Rannsóknarlögreglustjóri styður kröfu sína við 41. gr. laga 74/1974 og við 1. mgr. 89. gr. laga 74/1974, sbr. 124. gr. laga 85/1936.

Af reglu 41. gr. laga 74/1974 verður ekki leidd nein skylda á hendur Styrmi Gunnarssyni til þess að veita upplýsingar þær, sem hér er krafist. Hér koma einungis til greina reglur laga um vitnaskyldu.

Skv. 5. tl. 126. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 má sá, er ábyrgð ber á innihaldi prentaðs rits eða blaðs að lögum, ekki skýra frá því fyrir dómi án leyfis, hver sé höfundur að riti, grein eða frásögn, sem í riti eða blaði hefur birst án þess höfundur væri nægilega nafngreindur. Regla þessi á einungis við vitnaskyldu í einkamáli. Um vitnaskyldu í opinberu máli fer eftir reglum XII. kafla laga 74/1974. Þar er ekkert ákvæði, er svari til 5. tl. 126. gr. einkamálalaga, og ekki er vitnað til reglna einkamálalaga í kaflanum. Er vitnaskylda að ýmsu ríkari í opinberu máli en einkamáli. Reglum 126. gr. einkamálalaga verður þannig ekki beitt beint um málefni það, sem hér er um að ræða. Hins vegar þykir samband ábyrgðarmanns blaðs eða tímarits og þeirra, er í það rita, þar á meðal auglýsenda, þess eðlis, að eigi sé rétt, nema ríkar ástæður krefjist, að skylda ábyrgðarmanninn til að skýra frá nafni höfundar, sem kjósa að leynd nafni sínu. Hér má hafa hliðsjón af reglum 95. gr. laga 74/1974, þótt þær taki ekki beint til réttatriðis þess, sem hér er til úrlausnar. Líta þarf til þess, hversu alvarlegt sakarefni það er, sem vitnisburði er ætlað að upplýsa. Í því tilviki, sem hér er um að ræða, er vitnisburðar krafist vegna

gruns um brot gegn lögum 58/1960, en refsing fyrir brot gegn þeim lögum getur ekki farið fram úr sektum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaðan sú, að Styrmi Gunnarssyni verður talið óskýlt að bera vitni um það, hver framangreindur auglýsandi sé.

Úrskurðarorð:

Styrmi Gunnarssyni er ekki skylt að bera vitni um framan-
greint atriði.

Þriðjudaginn 17. janúar 1978.

Nr. 3/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
 Birni Vilmundarsyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Dómarafulltrúi. Ómerking.
Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga
nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30.
desember 1977, en ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kær-
unnar, svo sem áskilið er í nefndri 171. gr. Gögn málsins bær-
ust Hæstarétti 4. janúar 1978.

Kröfur varnaraðilja eru þær, „að úrskurðað verði, að Þórir
Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, sé vanhæf-
ur til að fara með rannsókn máls kæranda fyrir sakadómi
Reykjavíkur og jafnframt að úrskurðað verði, að yfirsaka-
dómarinn í Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, sé vanhæfur
til að vinna að málinu eða láta vinna að því. Er krafist, að
þeir báðir víki sæti í málinu.“

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist kröfur né greinar-
gerð.